

78  
18. des.

## FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 73. löggjafarþings, frá 18. desember 1953, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 5. febrúar 1954.

*Gjört að Bessastöðum, 18. desember 1953.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

79  
23. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, er verður 11. gr., svo hljóðandi:  
Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins annars vegar við stærð og búnað sjúkrahúss, en hins vegar við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu á ári hverju sem hér segir:

1. Sjúkrahús með 20 sjúkrarúmum eða færri: 5 krónur á legudag.
2. Sjúkrahús með yfir 20 sjúkrarúmum, enda veiti því forstöðu sérstakur fastlaunaður sjúkrahúslæknir: 10 krónur á legudag.
3. Sjúkrahús með yfir 100 rúmum, er starfar a. m. k. í tveimur aðaldeildum, lyflækninga- og handlækningadeild, með tilheyrandi sérfróðu læknaliði, enda annar búnaður þess við hæfi: 20 krónur á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almennt daggjald af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

#### 2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1953, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1954, og þannig áfram.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella 1. gr. þeirra, ásamt 1. og 2. efnismálsgr. 1. gr. laga nr. 33 12. febr. 1945 með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 24 20. apríl 1949 og lögum nr. 24 16. febr. 1953, inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út af nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsálög. 79  
23. des.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald.

80  
23. des.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á eftir 3. mgr. 38. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að ábyrgðartryggingarskírteini skuli stimplast með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1953.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

81  
23. des.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði bóta er, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts. Þó skal þetta skilyrði ekki ná til innstæðufjár ófjárráða sparifjáreigenda, sem voru yngri en 16 ára í lok júnímánaðar 1946. Bætur skal miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946, og skal miða við lægri inn-